



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Eyri fyrr og nú**

*Þættir úr sögu Eyrarsveitar á Snæfellsnesi*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Vineta Karimova**

**Maí 2010**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska fyrir erlenda stúdenta**

## **Eyri fyrr og nú**

*Þættir úr sögu Eyrarsveitar á Snæfellsnesi*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Vineta Karimova**

**Kt.: 271068-2129**

**Leiðbeinandi: Gunnar Þór Bjarnason**

**Maí 2010**



## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um lítinn og fallegan stað á Snæfellsnesi sem heitir Eyri og er staðsettur í svokallaðri Framsveit út frá Grundarfirði. Ritgerðin nær yfir sögu staðarins frá landnámi og fram til okkar daga. Hún hefst á 9. öld þegar fyrstu skipin komu að landi og landnámsmennirnir byrjuðu að setjast að. Sagt verður frá því hvernig staðurinn kemur við sögu á ólíkum tímabilum í Íslandssögunni, allt frá landnámi og kristnitöku, og hvernig saga hans speglar framþróun og hnignun sem átti sér stað á Íslandi fyrstu eitt þúsund árin. Fjallað verður um fólkið sem byggði Eyrina, atburði sem áttu sér stað þarna, horfin kenileiti og fólk sem tengdist stórviðburðum Íslands, holdsveikraspítala sem reistur var á Eyrinni, rekstur hans og hnignun. Markmið ritgerðarinnar er að segja frá stað sem nú er nær gleymdur en á skilið að saga hans sé rifjuð upp og fólk minnt á hversu stórt hlutverk hann hefur leikið í menningasögu Íslands.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	6
2. Umhverfi sveitarinnar .....	6
3. Landnámsmaðurinn Vestarr og Eyri.....	8
4. Þekktir ábúendur á Eyri .....	10
4.1 ÁsgeirVestarsson .....	10
4.2 Steinþór Þorláksson .....	10
4.3 Þuríður Snorradóttir (spaka) .....	11
4.4 Sturla Þórðarson.....	12
5. Morðíð á Öndverðareyri .....	13
6. Kirkjan á Eyri .....	14
7. Holdsveikraspítalinn á Hallbjarnareyri .....	15
7.1 Holdsveiki á Íslandi .....	16
7.2 Holdsveikraspítalinn.....	17
7.2.1 Spítalafiskurinn .....	18
7.2.2 Spítalahaldarar .....	20
8. Hallbjarnareyri eftir lokun holdsveikraspítalans .....	21
9. Álfar og hindurvítmi á Eyri .....	21
10. Öndverðareyri á okkar dögum .....	23
11. Lokaorð .....	24
Heimildaskrá.....	25

## 1. Inngangur


Á vesturhluta Íslands milli Faxaflóa og Breiðafjarðar er langt og fallett nes. Nesið hefur ýmist verið nefnt Snæfellsnes eða Snjófellsnes, stundum líka Snjófjallsnes. Sagt er að nafnið Snæfellsnes sé tilkomið þannig að þegar landnámsmaður að nafni Faxi sigldi vestur fyrir Reykjanes og inn að Breiðafjarðarmynni þá sá hann mjög fallegan snævi þakinn jökul. Því gaf hann nesinu nafnið Snæfellsnes. Einnig eru til aðrar sögur um hvernig Snæfellsnes fannst. Nesið var numið mjög fljótt því að þar var gott land, gras, vötn og lækir.

Ég flutti á Snæfellsnesið árið 2003 og byrjaði að búa á Grundarfirði. Það fyrsta sem heillaði mig var stórfenglegur fjallahringurinn sem byrjar með Kirkjufelli vestan til og endar með Eyrarfjalli austan til. Nöfnin og örnefnin þóttu mér athyglisverð og það vakti forvitni mína um sögu Eyrarsveitar. Sveitin nær frá Mjósundum vestantil á Snæfellsnesi og að Merkjälæk sem rennur niður Búlandshöfðann. Nafnið Eyrarsveit kemur frá Eyrbyggjum sem byggðu Eyri og Öndverðareyri yst úti við enda Eyrarfjalls. Þegar ég fór að kynna mér sögu staðarins komst ég að því að Eyri og Öndverðareyri voru mjög merkilegir staðir sem tengdust landnáminu og Íslandssögunni meira en ég bjóst við. Eyrin tengir saman helstu atriði Íslandsbyggðar sem byrjaði með landnámi, byggingu fyrstu kirkjunnar á Eyrinni og fæðingu helsta sagnaritara Íslendinga. Helsti heimildamaður um landnám og kristnitökuna bjó þarna og holdsveikraspítali var reistur á 17. öld. Þessi atriði og fólkið sem bjó þarna tengjast flestum stærstu viðburðum Íslandssögunnar á einn eða annan hátt. Þess vegna ákvað ég að skrifa ritgerð um þennan litla stað sem er svo nálægt mér en ég vissi ekki hversu stór hann væri með tilliti til menningarsögu Íslendinga, jafnvel íbúarnir á þessu svæði vita ekki hversu stórt hlutverk Eyrin hefur leikið í sögu Íslands.

## 2. Umhverfi sveitarinnar

Umhverfi sveitarinnar þar sem Eyri er staðsett er klassískt íslenskt umhverfi. Öndverðareyri er við enda fjallgarðs sem skilur í sundur Kolgrafarfjörð/Urthvalafjörð og Grundarfjörð. Fjöllin tvö sem fjallgarðurinn samanstendur af heita Klakkur og Eyrarfjall. Bárarháls skilur þau svo að. Fjöllin eru ekki há, tæplega 400 metrar, en þau eru mjög gömul jarðfræðilega séð og eru í raun mjög fornar eldstöðvar. Efst á Klakknum er hringlaga tjörn sem er í raun forn gígur sem nú er fullur af vatni. Frá

Öndverðareyri sést vel til Bjarnarhafnar og Akureyjar í norðaustur og í Kirkjufellið og út Breiðafjörðinn í vestur. Sé horft í norður sést fjallgarðurinn á Barðarströnd. Sé ferðast í suður frá, inn Kolgrafarfjörðinn þá er komið að stað sem menn hafa velt vöngum yfir en sumir telja að þar sé Salteyrarós. Nú er hann þar sem brúin yfir Kolgrafarfjörðinn liggur og var byggð 2003-2004. Salteyrarósinn er svo til horfinn vegna framburðar lækjar frá Eyrarfjalli og ágangi sjávar. Það er ekki vitað með vissu hvort þetta sé hinn eini sanni Salteyrarós en menn hafa lengi deilt um hvar hann raunverulega sé. Úti fyrir *Skallabúðum* og *Naustum* eru nokkur sker sem sumir menn telja að hafi verið Salteyrarósinn áður en hann brotnaði niður einn stormasaman veturinn, hvarf og nokkrir klettur sátu eftir sem mynduðu lítinn skerjagarð.



Eyrarsveit<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sótt á landakort.is. Slóð: <http://www.infrapath.is/mapguide/fusion/templates/mapguide/Grundarfjordur/>.

### 3. Landnámsmaðurinn Vestarr og Eyri

Vitað er að landnámsmaður að nafni Þórólfur Mostrarskeggi kom til Snæfellsness tíu árum seinna en landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson. Einnig er vitað að Björn Austræni kom hingað tveimur árum á eftir Þórólfi. Þessir tveir menn eru líklega fyrstu mennirnir sem námu Snæfellsnesið. Eftir landnám þeirra er vitað um marga menn sem námu land á sömu slóðum. Alls eru til heimildir til okkar daga um 29 menn sem námu land á þessu fallega nesi. Flestir þessarra manna, konur og börn, komu frá norrænum löndum, einkum Noregi. Um það vitna örnefni og nöfn á ýmsum stöðum á Snæfellsnesi, til dæmis Bjarnarhöfn, Gerðuberg og fleiri. Einnig getur verið að nokkrir landnámsmenn hafi verið af írskum uppruna. „Eru víðar á landinu örnefni, sem kennd eiga að vera við írsku kaupmenn, en sum minna nöfn þessi sennilega á írskt fólk á landnámstíð“.<sup>2</sup> Til þessa benda nokkur staðarnöfn og örnefni eins og Írskrabrunnur, Írskubúðir og á Snæfellsnesi er á ein sem ber nafnið Írá. Einnig ber sker vestur af Eyrarodda nafnið Írland. Nöfn sem ættuð eru frá Bretlandi eru líka til, t.d. Bretahraun og Bretalækur sem eru á landi Brúarhrauns í Kolbeinsstaðahreppi. Enn eitt nafn ættað frá Bretlandi er rétt hjá Bjarnarhöfn, það er vogur sem heitir Kumbaravogur. Það er líklegt að nafnið sé tilkomið vegna Englendinga þar sem verslunarmenn sem komu til að stunda verslun hér á nesinu voru kallaðir Kumbarar. „Kumbaravogur er svo kallaður til forna af þeim Cumbres eða Engelskum úr því héraði í Englandi, sem heitir Cumberland, sýnist dregið af Cymbris“.<sup>3</sup>

Snæfellsnes var numið á sama hátt og allt Ísland. Mennirnir komu, merktu sér land og byggðu bæi sem þeir síðan bjuggu í. Meðal landnámsmanna sem hafa numið land á Snæfellsnesi eru nefndir Vestarr Þórólfsson og sonur hans Þorleikur Vestarsson. Þeir voru örugglega frá Noregi. Því til þess benda nöfnin á þeim. Nafnið Vestarr var mjög algengt á þessum tímum í Noregi. Það sama má segja um son hans Ásgeir (í öðrum heimildum nefndur Þorleikur). Eyrbyggja saga segir: „Vestarr hét maður, sonur Þórólfs blöðruskalla; hann kom til Íslands með föður sinn gamlan og nam land fyrir utan Urthvalafjörð og bjó á Öndverðri-eyri; hans sonur var Ásgeir, er bjó þar síðan“.<sup>4</sup> Í nokkrum heimildum er ekki samræmi í því hver var nefndur landnámsmaður en líka er ekki samræmi hvar nákvæmlega þeir hafa merkt landið sitt. „Hauksbók og Sturlubók

---

<sup>2</sup> Ólafur Lárusson 1945:36.

<sup>3</sup> Ásgeir Guðmundsson 2008:34.

<sup>4</sup> Eyrbyggja saga 1971:14.



telja Vestarr hafa verið landnámsmann, og eru Eyrbyggja og Laxdæla samhljóða þeim, en Melabók segir, að Þorleikur sonur hans hafi numið landnám þetta<sup>5</sup> og

Í Melabók er Þorleikur sagður hafa numið „*Æfarsland ok Kirkjufjörð*“. Þar er þess ekki getið, hvar hann hafi búið. Í Sturlubók er Vestar sagður hafa numið „*Eyjarlönd ok Kirkjufjörð*“. Hauksbók lýsir landnáminu aftur á móti svo, að hann hafi numið „*Eyjarland ok á millim Kirkjufjarðar ok Kolgrafafjarðar*“.<sup>6</sup>

Fram til okkar dagar eru landamerki þessara landnámsjarða óljós. Þó er ljóst að skálinn þeirra var byggður í austurhlíð Eyrarfjalls og bærinn nefndur Eyri en síðar Öndverðareyri og dregur nafn sitt af helstu jörðinni í Eyrarsveit. Skálinn þeirra gæti hafa litið út eins og flestir skálar á þessum tíma hér á Íslandi.

Skálarnir voru aflangar byggingar, gerðar úr torfi og grjóti. Í skálunum var eldað, matast, unnið og sofið. Venja var að búr væri í öðrum enda byggingarinnar sem ekki var hólfuð niður að öðru leyti. Á flestum bæjum voru smiðjur og geymslur í sérbyggingum auk útihúsa fyrir búfænað, eins og síðar var einnig. Byggingarnar voru hitaðar upp með opnu eldstæði, svokölluðum langeldi, fyrir miðju innandyra.<sup>7</sup>

Rúst stærsta skálans hefur verið mæld 30 metrar sem er mun stærra en aðrar leifar af bústöðum sem hafa fundist á þessu svæði.

Ástæða þess að Vestarr landnámsmaður valdi Eyrina til að reisa sér bú var sú að Eyrin var besta bæjarstæðið á svæðinu. Hún var flatlend og skjólgóð, grösug og lífvænleg. Selir komu þarna við, sjóbirtingur og álar gengu upp lækina og fuglalíf var mjög fjölbreytt og er það ennþá. Stutt var á gjöful fiskimið út á Breiðafjörð. Það sást vel til skipaferða inn Breiðafjörðinn. Einnig gekk fiskur inn Kolgrafarfjörðinn árlega, góð bátalægi og skjólgóðir klettur eru í fjörunni sem auðveldaði sjósetningu og landtöku árabátanna. Langir og mjóir klettur, a.m.k. þrír talsins, ganga út frá Eyri og út í Urthvalafjörðinn. Klettarnir eru u.þ.b. 30 metra langir og þeir hafa verið kjörið bátalægi fyrir langskipin. Litlu seinna var bærinn að Eyri fluttur lítilliga til og það voru afkomendur Vestars sem fluttu hann og kölluðu hann Öndverðareyri. Ástæða flutningsins var sú að það bæjarstæði var grösugara og skjólbetra og þarna voru klettur sem gáfu betra skjól.

Nafnið Öndverðareyri þýðir á móti eyrinni og nafnið gefur því til kynna staðsetningu bæjarins, þ.e. á móti aðal eyrinni sem liggur út frá Eyrarfjalli í

---

<sup>5</sup> Ólafur Lárusson 1945:91.

<sup>6</sup> Ólafur Lárusson 1945:91.

<sup>7</sup> Steinunn Kristjánsdóttir 2000:24-25.

norðausturátt. Eyrin sem er undirlendi og liggur út í Urthvalafjörðinn var ávallt bara kölluð Eyrin en seinna breyttust nöfnin á henni í Efri og Neðri Eyri, Tóftir og Hallbjarnareyri. „Staðurinn er í daglegu tali kallaður Öndverðareyri, þó hann hafi ekki borið það nafn allt frá upphafi. Í fyrstunni bar bæjarstæðið nafnið Eyri, síðar Öndverðareyri og loks Tóftir, eftir að bærinn var fluttur að Hallbjarnareyri“.<sup>8</sup>

## 4. Þekktir ábúendur á Eyri

### 4.1. Ásgeir Vestarsson

Það er óljóst hvenær Vestarr kom til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og öldruðum föður en ljóst er að hann hefur numið land hér stuttu eftir að Ísland fannst og eiginlegt landnám hófst. Kona Vestars hét Svana Herraúðardóttir og þau áttu soninn Ásgeir en í nokkrum heimildum er hann nefndur Þorleikur. Hann bjó á Öndverðareyri.

Ásgeir Vestarsson átti Helgu Kjallaksdóttur og sonur þeirra hét Þorlákur. Hann átti soninn Steinþór og sonur Steinþórs hét Gunnlaugur. Steinþór átti Gunnlaug með konu sinni Þuríði. Gunnlaugur var giftur Þuríði spöku og þau bjuggu á Öndverðareyri fram á 12. öld. Með þeim virðist ætt Vestars fjara út því engum sögum fer af afkomendum þeirra. Litlar heimildir eða sögur fara af Ásgeiri og Þorláki syni hans nema að þeir hafi verið ábúendur á Eyri á eftir Vestarri.

### 4.2 Steinþór Þorláksson

Svo virðist sem fólkið sem byggði Eyrina hafi verið friðsamlegt fólk, sjálfu sér nógt og ekki þurft að amast út í aðra íbúa landsins né nágranna sína, fyrir utan Steinþór barnabarnabarn Vestars. Steinþór er þekktasti afkomandi Vestars Þórólfssonar og Svönu Herraúðsdóttur. Þau hafa búið á Eyri á þeim tíma þegar Íslendingar tóku kristna trú. Hann hefur verið sá síðasti af ætt Vestars sem bjó á Eyri í stíl víkinga og heiðni, því eftir kristnitökuna breyttist mannlífið og viðhorf fólksins. Bærinn var á hans tíma fluttur um set og kirkja reist nálægt honum. Húsin eftir kristnitökuna voru í öðrum stíl, sem heitir gangabæjarstíll. Hann var þannig að húsið var hólfað niður í nokkur herbergi og gangur tengdi þau saman.

Í upphafi miðalda höfðu íverhús Íslendinga breyst mikið frá því sem áður var, trúlega vegna þeirra þjóðfélagslegu umskipta sem áttu sér stað við kristnitökuna.

---

<sup>8</sup> Steinunn Kristjánsdóttir 2000:23–24.

Íbúðarhúsin voru byggð í hinum svokallaða gangabæjarstíl og kirkjur voru víða reistar við bæi frjálsra bænda. Gangabæjir voru byggingar, hólfaðar niður í smærri einingar sem mynduðu þannig hálfgerða þyrpingu lítilla herbergja. Á milli herbergjanna lá gangur, sem tengdi húsið saman í eina heild, en húsagerðin dregur einmitt nafn sitt af honum. Íveruhúsin voru sem fyrr að mestu byggð úr torfi og grjóti<sup>9</sup>

Steinþór Þorláksson var sagður vopnfimur og mikill garpur. Í Eyrbyggju er hann sagður þriðji besti vígamaður á Íslandi. „Steinþór á Eyri væri að vísu hvergi nefndur goði eða talinn hafa verið goðorðamaður. Hann virtist þó hafa ærið héraðsríkur“.<sup>10</sup> Hann átti í útistöðum við Snorra goða vegna þrælgjalda og mannfóræða og það var útkljáð í Álftafirði. Hann átti líka í deilum við Þorbrandssyni og þær deilur voru útkljáðar með bardaga í Vigrafirði. Steinþóri er lýst í Eyrbyggju sem miklum höfðingja og ríku manni. Vopnfimi hans og hugdirfsku er lýst með miklum tilþrifum í Eyrbyggja sögu:

Steinþór hljóp til og brá skildi yfir Þórð, er Þorleifur vildi höggva hann, en annarri hendi hjó hann til Þorleifs kimba og undan honum fótinn fyrir neðan kné. En er þetta var tíðinda þá lagði Freysteinn bófi til Steinþórs og stefndi á hann miðjan. En er hann sá það þá hljóp hann í loft upp og kom lagið milli fóta honum. Og þessa þrjá hluti lék hann senn sem nú voru taldir.<sup>11</sup>

Steinþór átti soninn Gunnlaug og einhverja fleiri syni. Gunnlaugur Steinþórsson giftist Þuríði spöku sem var yngsta dóttir Snorra goða á Helgafelli.

#### 4.3. Þuríður Snorradóttir (spaka)

Þuríður Snorradóttir fæddist árið 1028 á Helgafelli. Um miðja 11. öldina gengu hún og Gunnlaugur Steinþórsson í hjónaband og bjuggu á Öndverðareyri alla sína tíð og talið er að þau hafi búið á Eyri eitthvað fram á 12. öld. Engum sögum fer af afkomendum þeirra og með þeim hverfur eiginlega ætt Vestars úr heimildum. Þuríður var margfróð og með gott minni. Henni er lýst sem áreiðanlegri persónu sem ýkti ekki sögur sínar né fróðleik heldur sagði hún satt og rétt frá. Hún var helsti heimildarmaður Ara fróða (1067–1148) þegar hann var að skrásetja frumútgáfu Landnámsbókar. „En dóttir Snorra goða var Þuríður hin spaka, sem Ari fróði sagði um, að verið hefði „bæði margspök og óljúgfróð“.<sup>12</sup> Vegna heimilda hennar náði Ari að skrifa *Landnámsbók* mjög nákvæmt því Þuríður mundi þá tíð og tengdist þeim sem byggðu landið á fyrstu árhundruðum

<sup>9</sup> Steinunn Kristjánsdóttir 2000:27.

<sup>10</sup> Ásgeir Guðmundsson 2006:72.

<sup>11</sup> Eyrbyggjasaga 1971:116.

<sup>12</sup> Ámi Óli 1965.

Þess. Traustari sagnir gat Ari ekki fengið en frá Þuríði því hún hafði sögur og sagnir frá foreldrum sínum og foreldrum þeirra. Nær gat enginn staðið söguöldinni. Þuríður spaka náði háum aldri miðað við meðalaldur á þessum tíma og því fékk hún viðurnefnið spaka. Hún dó árið 1112 að Eyri og hefur líklega verið jarðsungin þar. Þuríður var enn á lífi þegar Eyrbyggja saga var skráð.

#### 4.4 Sturla Þórðarson

Vestarr og afkomendur hans réðu ríkjum á Eyrinni í allt að 200 ár. Eftir þeirra veru er næst getið um Þórð Sturluson, sem var bróðir Snorra Sturlusonar, en hann átti jörðina í byrjun 13. aldar. Þórður fluttist til Öndverðareyrar í byrjun 13. aldar, þá var búið að færa bæinn og kirkja var á svæðinu. „Á 13. öld bjó svo Sturla Þórðarson, sagnaritari, sem meðal annars ritaði Íslendingasögu. Hann tók við á Öndverðareyri 1237, þegar faðir hans, Þórður Sturluson, lést“.<sup>13</sup> Sturla bjó ekki lengi á Öndverðarnesi heldur flutti hann til Sauðafells árið 1240. Sturla Þórðarson er án efa þekktasti íbúi Eyrar fyrr og síðar.

Sturla Þórðarson var um hríð settur yfir hið forna ríki Sturlunga vestlands, af Gissuri jarli, en sviptur því af Hallvarði gullskó, sendimanni konungs, árið 1261, sem hóf þar til valda Hrafn Oddsson, af ætt Seldæla, tengdason Sturlu Sigvatssonar. Sturla Þórðarson átti þátt í samningu Járnsíðu og ritaði sögu Hákonar konungs og Magnúsar lagabætis, auk Íslendinga sögu, Sturlunga sögu, sem er höfuðheimild um atburði 13. aldar.<sup>14</sup>

Frá því að Sturla Þórðarson fluttist að Sauðafelli er lítið vitað um staðinn, það er ekki fyrr en 13 árum síðar eða árið 1253 að Böðvar Þórðarson, bróðir Sturlu fluttist þangað og gerði þar bú. Lítið gerðist þarna næstu 200 árin. Ekki er vitað hversu lengi Böðvar bjó þarna né hver tók við af honum. Hans er getið árið 1263 í Sturlungasögu en síðan ekki söguna meira. „Frá því að Böðvar bjó á Eyri fer engvum sögum af vígaferlum, átökum né nokkrum markverðum atburðum þarna þar til í lok 15. aldar að Páll bóndi Jónsson frá skarði er veginn á Öndverðareyri af Eiríki Halldórssyni og þeim sem honum fylgdu“.<sup>15</sup>

---

<sup>13</sup> Jón Pétursson 1986.

<sup>14</sup> Einar Laxness 1995:72.

<sup>15</sup> Jón Pétursson 1998.

## 5. Morðið á Öndverðareyri

Morð var framið á Öndverðareyri árið 1496 og það er eina morðið sem átti sér stað á eyrinni frá upphafi byggðar. Páll Jónsson, bóndi frá Skarðströnd, var á ferð um Eyrarsveit þar sem hann átti erindi til Mávarhliðar. Hann fékk gistingu á Öndverðareyri ásamt fylgdarmönnum sínum. Þar var hann veginn af Eiríki Halldórssyni.

Sumar heimildir segja að aðdragandi morðsins hafi verið langur og að hann hafi átt rætur sínar að rekja til þess að þeir Páll og Eiríkur girntust sömu konuna. Páll Jónson náði að heilla konuna Sólveigu Björnsdóttur og gengu þau í hjónaband. Eiríkur Halldórsson sat hinsvegar eftir með sárt ennið og hugði á hefndir. Aðrar heimildir segja að fjandskapur þeirra hafi orðið vegna deilna um svokallaðan Vatnsfjarðarauð, en báðir töldu sig eiga tilkall til hans vegna flókinna fjölskyldutengsla. Hvað sem því líður þá frétti Eiríkur af því að Páll væri staddur á Öndverðareyri faliðaður. Hann var á ferð til að innheimta jarðgjöld og kúgildi af Mávarhliðarbændum. Eiríkur var staddur á Helgafelli með fjölda manna, sumir segja 60 manns, aðrir segja 18. Eiríkur og hans menn ríða að Öndverðareyri og ráðast að honum þar sem hann liggur inni og sefur. Þeir stinga spjótum inn gegnum torfið og ná að særa hann. Páll varðist eins og hann gat og varðist meðan hann klæddi sig, en hann mátti sín lítils gegn ofureflinu. Að lokum ná þeir að særa hann það mikið að hann fellur niður. Prestur var sendur inn til að veita honum síðasta sakramentið.

Og sem prestur hafði aflokið sínum fortölum, spurði hann Pál hvort honum myndi líft. Páll svaraði í trúnaðarmálum: Líft mundi, væri fljótt um bundið. Er prestur kom út spurðu hinir, hvernig Páli liði. Prestur svaraði: Þér megið gera betur út af við hann, ef viljið ekki síðar eiga hann yfir höfði yðar.<sup>16</sup>

Eiríkur fer þá inn í bæinn og stingur Pál tveimur banasárum.

Þessi aðför að Páli Jónssyni átti sér eftirmála. Páll Jónson var umboðsmaður konungs í Ísafjarðarsýslu og hann var einnig undir vernd konungs. Afbrot Eiríks og hans manna voru því litin alvarlegum augum og sett fyrir dóm á alþingi. Dómararnir voru 24 talsins og þeir komust að því að Páll hafi verið drepinn saklaus. Dómararnir dæmdu Eirík óbótamann og réttdræpan. Þeir dæmdu eigur hans til konungs og til skaðabóta (vígsbóta) fyrir Pál. Hann var í stuttu máli gerður gjaldþrota og útlægur af Íslandi. Síðast fréttist af Eiríki að hann hafi gengið fyrir páfa í Róm og síðan dáið þar.

---

<sup>16</sup> Jón Pétursson 1998.

Vitorðsmenn Eiríks voru einnig dæmdir til að greiða bætur í hlutfalli við þátttöku hvers og eins í aðförinni. Manngjöldin fyrir Pál eru þau næst hæstu sem voru greidd á Íslandi.

Eiríkur Halldórsson var dæmdur óbótamaður og hafa unnið fullkomið níðingsverk. Hann fyrirgerði fé og friði, landi og lausum eyri og var réttfanginn hvar sem hann næðist utan griðastaða, en allt hans góss fast og laust, kvíkt og dautt féll til konungs, en hálf til löglegra erfingja að afluktum vígsbótum og öðrum löglegum skuldum. Einnig voru dæmdar vígsbættur eftir Pál Jónsson, og námu þær 60 hundruðum af fé Eiríks Halldórssonar.<sup>17</sup>

Eftir morðið fer bærinn að Öndverðareyri að drabbast niður. Óhugur var í fólki eftir atburðina og stuttu seinna er bærinn fluttur upp undir fjallið og reistur milli skjólgóðra kletta. Hvort sem ástæða flutninganna hafi verið óhugurinn vegna morðanna, reimleikar vegna drukknun prests nokkurs eða álögur sem danskur skipstjóri setti á búið er ekki vitað með vissu en þessar þrjár kenningar hafa komið fram vegna ástæðu bæjarflutningsins. Nú eru tóftirnar einar eftir af Öndverðareyri og nafnið á bæjarstæðinu kallast Tóftir í dag.

## 6. Kirkjan á Eyri

Á 13. öld er Öndverðareyri skráð sem höfuðból og kirkjustaður þó það hafi ekki verið merkileg kirkja þarna. Leifar af kirkjustæði hafa fundist þarna en hún mun hafa verið lítil og illa úr garði gerð, sett saman úr torfi, grjóti og timbri eins og öll önnur hús á þessum tíma. Líklega hefur hún staðið þarna frá því stuttu eftir kristnitöku en litlar heimildir eru til um hana nema að hún var skráð í kirknaskrá sem Skálholtsbiskupsdæmi hélt utan um. Kirkjan hefur aðallega verið notuð til að þjóna ábúendum á Eyri og nálægum bæjum til greftrunar og ýmissa annarra kirkjulegra athafna. Þórður Sturluson hefur líklega verið jarðsunginn í henni og grafinn við kirkjudyrnar. Kirkjan var Maríukirkja og líklega hefur Steinþór reist hana eða látið reisa hana snemma á 11. öld. Eignir hennar voru litlar, hlutar úr hinum og þessum stöðum. Kirkjan átti t.d. „tvo hluta í Þórdísarstöðum, helming afrétta í Kolgrafarfirði, hálf Selsker, hálfan Grafarsand, hlunnindi átti hún líka eins og hálfan reka á Þernusandi“.<sup>18</sup> Í kirknaskránni frá 1355 er kirkjan skráð eiga fáa veraldlega hluti eins og messuklæði,

<sup>17</sup> Ásgeir Guðmundsson 2005:76.

<sup>18</sup> Steinunn Kristjánsdóttir 2000:27.

klukkur, kaleik, altarisstein, nokkrar bækur svo fátt sé talið. Kirkjan var síðan lögð niður árið 1563 og aðalkirkjustaðurinn hefur verið á Setbergi síðan.

Munnmæli (traditio) segja, að Eyrarbær hafi fyrst staðið þar, sem nú eru Tóftir og hafi þar þá verið kirkja og prestur þar haldinn. Einhverju sinni, þegar prestur var á ferð á Kolgrafafirði, segir, að hann hafi drukknað; hafi síðan gerzt svo miklir reimleikar að bæ hans og kirkju, að nauður rak til að flytja bæ og kirkju þangað sem Eyrarbær nú stendur.<sup>19</sup>

Árið 1563 var kirkjan á Hallbjarnareyri lögð niður og féll þá jörðin undir konung. Ábúandinn sem var þá þarna hét Jón Þorvaldsson og bjó hann á Eyri í nokkurn tíma eftir að jörðin varð konungseign. Hjá honum og þeim ábúendum sem tóku við jörðinni á eftir honum drabbaðist jörðin niður enda voru jarðir á þeim tíma leigðar til eins árs í senn og það var engin trygging fyrir því að ábúendur fengu áframhaldandi búseturétt. Þeim gat þess vegna verið sögð upp leigan og þá lentu þeir á vergangi nema ef þeir fengu aðra jörð til leigu. Þetta kerfi varð til þess að ábúendur héldu ekki jörðunum við né endurbættu jarðnæði sitt, sléttuðu tún eða gerðu áveitur. Nokkrum árum seinna féll jörðin undir Arnarstapaumboð þar sem þá var staðsettur umboðsmaður konungs og fór amtmaður með málefni jarðarinnar.

Hallbjarnareyri heitir eftir Hallbirni Presti sem þjónaði kirkjunni frá 1505. Bærinn að Öndverðareyri lagðist af í kjölfar morðmálsins árið 1496 og hugsanlegra reimleika. Kirkjan var lögð af og bærinn yfirgefinn þar sem hann brotnaði niður og fyrr en varði var hann tóftirnar einar. Bú var reist ekki langt frá ásamt kirkju og búið kallað Hallbjarnareyri eftir áður nefndum presti. Nýja búið stóð undir Eyrarhyrnnunni og stendur þar enn þann dag í dag þó margoft sé búið að endurreisa húsakostinn.

## 7. Holdsveikraspítalinn á Hallbjarnareyri

Hallbjarnareyri var kirjújörð sem féll síðan undir konung. Hún var leigð út til ýmissa ábúenda og var til lítils annars gagns fyrr en krafa kom um að leysa mikilvægt félagslegt heilbrigðisvandamál sem hrjáði samfélagið, en það var holdsveiki og flækingur á holdsveiku fólki um sveitir landsins.

Á miðöldum voru margir sjúkdómar sem lögðust á margar milljónir manna. Ísland var þar engin undantekning. Mjög algengir í þá tíma voru berklar. Skyld baktería

---

<sup>19</sup> *Snæfellsnes III. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1970:209.*

(Mycobacterium leprae) orsakaði sjúkdóm sem heitir holdsveiki eða líkþrá. Á 16. öld byrjaði þessi sjúkdómur útbreiðslu sína hér á Íslandi og ráðamenn þjóðarinnar þurftu að hugsa út í hvernig væri best að hefta þessa útbreiðslu.

Einkenni holdsveikinnar eru aðallega útbrot sem eru brúnleit eða dökkrauð. Útbrotin koma fyrst í ljós á kaldari svæðum líkamans, útlimum og í andliti. Þetta er oftast eins og vörtukenndir hnútar, sjúklingar missa hár á andlitinu og afmyndast smátt og smátt, húðin þykkar og menn geta fengið ljónsandlit, vörturnar springa síðan út og sár myndast. Bakterían sem veldur holdsveikinni sest líka að í slímhúð nasarinnar, í barkanum, tungunni og í gómnum. Lithimna augnanna getur líka tekið við bakteríunni. Afleiðingar veikinnar er barkarbólga, köfnunarköst þegar sjúklingurinn borðar mat, lithimnubólga í augunum. Útbrot geta orðið á kynfærum karla sem getur valdið ófrjósemi. Sé ekkert að gert þá dregur bakterían sjúklinginn til dauða á 5-10 árum.

Einnig getur bakterían sest í hornhimnu augans og valdið glærubólgu, þ.e. keratitis. Sársaukafull eitlabólga í holhönd og nára getur einnig komið fram hjá þessum sjúklingum. Kynfæri karla geta einnig orðið fyrir barðinu á bakteríunni, því að hún getur myndað hnúta í eistum og valdið ófrjósemi. Þetta leiðir til hormónatruflana hjá karlmonnum svo að þeir óeðlilega stór brjóst. Sjúklingur sem fær líkþrá deyr 5-10 árum frá því að hnútarnir koma fram, ef ekkert er að gert.<sup>20</sup>

Í Evrópu voru reistir sérstakir spítalar fyrir holdsveikisjúklinga þar sem þeir voru einangraðir frá öðru fólki. Því þá var orðið augljóst að sjúkdómurinn var smitandi við snertingu. Það sama vildu menn gera á Íslandi. Íslendingar vissu ekki hvað olli holdsveikinni en það var almenn skoðun meðal manna að þetta væri refsing guðs og guð veldi þá sem fengu veikina en verndaði aðra fyrir henni. Mikil fáfræði var við lýði hér á landi gagnvart holdsveikinni, t.d. var hún talin ættgeng og á 18. öld var holdsveikum bannað að ganga í hjónaband og það bann var í gildi vel fram á 19. öld.

### *7.1. Holdsveiki á Íslandi*

Árið 1555 var farið fram á við Danakonung að reistir yrðu fjórir holdsveikispítalar hér á landi. Að þeirri kröfu stóðu biskupar landsins. Krafa biskupanna fékk ekki mikla umfjöllun hjá konungi né áheyrn og hann dró málið og þæfði í nær heila öld. Það var ekki fyrr en árið 1649 að Brynjólfur Sveinsson biskup tók á málinu og byrjaði að skrifa Danakonungi til að herja á að hann léti reisa fjóra holdsveikraspítala á Íslandi. Það gekk eftir að lokum eftir nokkrar bréfaskriftir og góð rök voru færð fyrir nauðsyn þess að

<sup>20</sup> Erla Dóris Halldórsdóttir 2001:36.



koma holdsveikisjúklingum í einangraða vist. Það var þó ekki fyrr en árið 1653 að fyrsti holdveikraspítalinn á Íslandi var opnaður að Möðrufelli í Eyjafirði. Á næstu árum voru opnaðir tveir spítalar fyrir holdsveikrasjúklinga – Klausturhólaspítalinn og spítalinn á Hörgslandi á Síðu og Hallbjarnareyrarspítalinn. „Hallbjarnareyrarspítalinn var staðsettur við sjó, aðeins lengra var frá Klausturhólum. Mun styttra var til sjávar frá Kaldaðarnesi og Haugshúsum svo að staðsetning spítalans á Klausturhólum hlýtur hafa verið mjög óhentug, því fiskurinn var mjög mikilvæg tekjulind fyrir spítalana“.<sup>21</sup>

## 7.2. Holdsveikraspítalinn

Um haustið árið 1654 var holdsveikraspítalinn að Hallbjarnareyri í Eyrarsveit opnaður. Um vorið 1655 komu fyrstu fjórir holdsveikisjúklingarnir til dvalar þar. Hallbjarnareyri varð fyrir valinu því að jörðin var í eigu Danakonungs og hann gaf jörðina undir holdsveikraspítala. Fyrrum leiguliði jarðarinnar fékk fría leigu gegn því að sjá um spítalann og sjúklingana, veita þeim fatnað, ljós og hita ásamt mat. Þetta fyrirkomulag var slæmt því spítalahaldarinn fékk meira í sinn hlut ef hann léti minna renna til sjúklinganna. Oft fengu þá sjúklingarnir slæman aðbúnað og lélegt fæði. Spítalarnir voru sjaldan meira en nafnið eitt því engin hjúkrun var til staðar né lækni. Rannsóknir voru ekki gerðar heldur var hugmyndin að halda sjúklingunum einöngruðum frá öðru fólki.

Þórður Guðmundsson, þá ábúandi á Hallbjarnareyri, var fyrsti forstöðumaður spítalans. Byrjað var að reisa spítalann árið 1652 og tíminn þar til fyrstu sjúklingarnir voru teknir inn var notaður til að reisa húsið og afla spítalanum tekna, m.a. með því að innheimta *spítalafiskinn*. Aðalumsjónarmenn spítalans voru sýslumenn og þeir voru með umsjón yfir rekstri og innheimtu tekna fyrir spítalana en samt í umboði biskups.

Fyrstu vistmennirnir að Hallbjarnareyrisspítala komu um vorið árið 1655 og voru þeir fjórir talsins. Um haustið vildi Þórður Guðmundsson hætta vegna þess að honum þótti erfitt að innheimta *spítalafiskinn* auk þess sem hann vildi losna við spítalann. Þórður Guðmundsson hafði búið á Hallbjarnareyri í 25 ár. Af Þórði tók við spítalanum Jón Jónsson nokkur. Við úttekt á spítalanum við skiptin var mat biskups og manna hans að húsið væri langt í frá nógu gott. Það bar bæði þröngt, dimmt og óþétt. Ástæðan var að illa gekk að innheimta *spítalafiskinn* sem átti að standa undir framkvæmdum og rekstri spítalans.

---

<sup>21</sup> Erla Dóris Halldórsdóttir 2001:56.

### 7.2.1. Spítalafiskurinn

Spítalafiskurinn var aukaskattur sem var lagður á til að fjármagna rekstur spítalanna. Spítalafiskurinn var einn hlutur af hverjum bát af fiski sem veiddist á ákveðnum degi á ákveðnu svæði og á alþingi var ákveðið að

afhenda skyldi spítalafiskinn milli Hvítár í Borgarfirði og svo vestur með sjávarsíðunni og fyrir sunnan snæfellsjökul allt að Öndverðarnesi næsta dag eftir Jónsmessu Hólabiskups (23 apríl), þegar gæfi á sjó, á Öndverðarnesi og þaðan að Búlandshöfða vestan fram Jökulsins sá dagur eftir Maríumessu, sem áður var ákveðinn, og frá Búlandshöfða og allt að Gilsfirði næsti dagur eftir Úrbansmessu (25 maí) með sömu skilmálum og gildu um hina dagana.<sup>22</sup>

Spítalafiskurinn var illa séður af almenningi og kom illa niður á honum. Þeir skiluðu fiskinum treglega af sér. Samt var hann innheimtur og greiddur fram á 19. öld. Útgerðarmenn beittu ýmsum aðferðum við að svíkjast undan því að láta fiskinn afhendi. Meðal annars ef fiskuðust fleiri en fimm fiskar á lóðina þá áttu þeir til að hætta að róa þann daginn snemma eða þá að landa og ró aftur. Lélegustu fiskarnir voru valdir úr fyrir spítalana og ekki gengið frá þeim svo þeir yrðu góð söluvara.

Annað rekstrarfé sem spítalarnir fengu voru meðlög og meðgreiðslur með sjúklingum, ýmiss konar sektarfé úr umdæmunum. Reynt var að ávaxta það sektarfé með misjöfnum árangri. Sektarféð kom til vegna hinna og þessara afglapa sem íbúar í umdæminu gerðu sig seka um. Nokkur dæmi eru til að fólk hafi greitt sektir til að jafna embættisafglöp, hórdóm og sifjaspell, ásamt öðrum minniháttar afglöpum til að komast hjá húðstrýkingu og þessháttar líkamlegum refsingum.

Árið 1658 tók Þórður Guðmundsson aftur við Hallbjarnareyrarspítala, en hann hafði búið á Gröf í Eyrarsveit í millitíðinni. Matthías Guðmundsson, sýslumaður Snæfellinga, lét Þórð hafa jörðina í umboði biskups með skilyrðum þó. Skilyrðin voru að Þórður fengi jörðina ásamt öllum kúgildum, hjáleigum og hlunnindum sem henni fylgdu. Einnig með öllu sem á henni væri og hann gæti notað það og nýtt bæði til lands og sjávar. Einnig fengi hann allt fylgifé þeirra fátæklinga sem hann myndi hýsa. Í staðinn þurfti hann að taka við og sjá um fjóra fátæklinga eða holdsveikrasjúklinga, sjá þeim fyrir fæði og klæði og öllum þeim þörfum sem þeir þyrftu. Hann fengi þá aukahluti og það sektarfé sem til félli í Eyrarsveit til að halda við húsum og reka spítalann.

---

<sup>22</sup> Ásgeir Guðmundsson 2005:90.

Í eftirlitferð sýslumanns og embættismanna árið 1658 kom holdsveikisþítalinn vel út, húsakynni og vistarverur sjúklinganna voru mjög rúm og góð. Hjáleigur Hallbjarnareyrar voru sjö talsins og það gefur góða mynd af því hversu mikið stórbýli þetta hefur verið. Þórður Guðmundsson lét af störfum þarna árið 1662. Eftir það var spítalinn rekinn af hinum og þessum spítalahöldurum og fátt markvert gerðist þarna. Það gekk þó alltaf illa að fá spítalafiskinn greiddan svíkalaust. Það voru fáir vistmenn þarna alla tíð, frá einum og upp í 4-5 manns mest, og úr heimildum má lesa að vistin hafi ekki verið alslæg. Í eftirlitsferðum embættismanna að Hallbjarnareyri er ekki að sjá að neinir annmarkar hafi verið á aðstæðum sjúklinganna nema helst að það vantaði alltaf rekstrarfé.

Árið 1746 var gefin út reglugerð um starfsemi holdsveikisþítala þó þeir hafi verið starfræktir í um það bil 100 ár. Í reglugerðinni var minnt sérstaklega á skyldur hospítalshaldarans um að vistmenn spítalanna nytu sómasamlegs aðbúnaðar og fengju fæði, klæði og fullnægjandi húsnæði. Hér í Eyrarsveit var engu ábótavant á Hallbjarnareyri þar sem prestur staðarins var með reglulegt eftirlit og hann hikaði ekki við að láta vita til yfirstjórnar spítalans ef hann sá ástæðu til. Það var yfirleitt allt í sómanum á Hallbjarnareyri þar til árið 1762, en þá var spítalahaldari að nafni Þorsteinn Guðbrandsson látinn fara vegna sinnuleysis hans gagnvart spítalanum og sjúklingunum. Þá tók við annar spítalahaldari, Vigfús Helgason. Skipti á spítalahöldurum voru ör á tímabili, annaðhvort voru þeir ekki að standa sig gagnvart sjúklingunum eða þá að þeim þótti þetta of mikil byrði. Þeir gátu ekki sinnt sínum verkum og hlúð að sjúklingunum. Dæmi eru um að á Hallbjarnareyri og eflaust víðar að vistmenn spítalans sáu líka um aðhlyningu sjúkra. Sjúklingarnir voru misjafnlega á sig komnir. Sumir einstaklingar voru á við sex manns varðandi ummönnun meðan aðrir voru sjálfbjarga.

Á seinni hluta 18. aldar (eftir árið 1760) voru komnir læknar í hvern landsfjórðung. Seinna var fjórðungunum skipt meira niður. Fleiri læknar með minna svæði gerðu að verkum að eftirlit og umönnun sjúklinga skánaði. Á Hallbjarnareyri var mælt með því að sjúklingum yrði gefið meira af ferskmeti frekar en súrum og úldnum mat. Það féll í grýttan jarðveg að rækta grænmeti á þessum tíma enda voru landsmenn ekki mikið fyrir að rækta ferskmeti. Hinsvegar var læknum ljóst að heilbrigðara mataræði og betri aðbúnaður gæti unnið á sjúkdómum og bætt líðan sjúklinganna. Á Hallbjarnareyri varð því lítið úr garðrækt þó allar aðstæður væru til staðar og nauðsyn þess augljós. Reyndar var einn umsjónarmaður þarna sem ræktaði kartöflur og kál á tímabili.

### 7.2.2. Spítalahaldarar

Vígfús Helgason var ábúandi og hospítalshaldari í 15 ár eða þar til árið 1778 en þá lét hann af störfum vegna heilsuleysis og elli. Árið 1778 tók Guðmundur Sigurðsson við ráðmennsku á Hallbjarnareyri og var þar til ársins 1819. Tíminn sem Sigurður sá um spítalann var mjög erfiður og endurspegladi þá erfiðleika sem hrjáðu Ísland á þessum tíma. Verðlag hafði hækkað mikið vegna styrjalda í Evrópu og meðlög til spítalans höfðu verið óbreytt í langan tíma. Innkoma til spítalans hrökk varla til fyrir nauðsynlegustu útgjöldum. Í byrjun 19. aldar og fyrrihluta hennar fór að halla undan fæti. Að lokum flutti Sigurður frá Hallbjarnareyri endanlega og gafst upp á þessu hospítalshaldi. Þrátt fyrir margar uppsagnir þá hafði ekkert áunnist og kjör Hallbjarnareyrisspítalans voru mjög slæm. Jón nokkur Hákonarson tók við Hallbjarnareyri árið 1819 og þá höfðu aðstæður versnað. Fjórar hjáleigur sem tilheyrðu Hallbjarnareyri voru komnar í eyði vegna aflabrests og áður hafði þurft að skera niður allt fé á svæðinu vegna fjárkláða. Jón Hákonarson entist ekki lengi í starfinu og við af honum tók Jón Ásmundsson. Rekstur spítalans var orðinn mjög erfiður á þessum tíma og stofnunin orðin stórskuldug því umsjónarmenn gátu ekki sinnt spítalanum sem skyldi og séð fjölskyldum sínum farborða á sama tíma. Tekjur spítalans voru eins og áður segir svo litlar að þær hrukku vart til þess að sjá vistmönnum fyrir fæði, hvað þá heldur til að halda húsinu í íbúðarhæfu standi.

Upp úr árinu 1820 var skuldastaða Hallbjarnareyrarspítala orðin mjög slæm og tekjustofninn mjög lítill. Bjarni Thorsteinsson amtmaður sá fram á að skuldastöðu spítalans yrði að laga. Hann greip því til þess ráðs að leggja aukaskatt á íbúa Vestfjarðafjórðungs ásamt því að ganga harðar fram í því að innheimta þær tekjur sem ætlaðar voru spítalanum. Með þessum aðgerðum náðist að greiða upp helming skuldanna. Hinn helmingurinn var svo afskrifaður. Með þessu lagaðist fjárhagur spítalans og hann náði að gefa af sér tekjur það sem eftir var. Árið 1848 var holdsveikraspítalinn að Hallbjarnareyri formlega lagður niður með konungstilskipun. Frumvarp á Alþingi frá árinu áður hafði náð í gegn. Í því fólst að einn alvöru holdsveikraspítali yrði reistur í Reykjavík en hinir lagðir niður. Þá var hætt að taka við sjúklingum inn á hina spítalana en þeir sem fyrir voru kláruðu „tímann sinn“.

## 8. Hallbjarnareyri eftir lokun holdsveikraspítalans

Tveir sjúklingar voru á Hospítalseyri 1848. Það var sjúklingur að nafni Sigurður Sigurðsson sem dó 1854 og Jón Árnason sem dvaldi þar áfram við mjög slæman aðbúnað þar til hann dó árið 1863. Jörðin varð eign Læknasjóðs eins og allar aðrar spítalajarðir. Læknasjóður rann síðar inn í Ríkissjóð. Hallbjarnareyri var áfram í byggð. Eggert V. Fjelsted frá Hjarðarbóli tók við henni árið 1857. Jörðina fékk Eggert með því skilyrði að sjá fyrir síðasta sjúklingnum, Jóni Árnassyni. Eftir daga Eggerts tók sonur hans við og þar á eftir Jónas Jónson síðar hreppstjóri. Jónas lést árið 1872. Hallbjarnareyri var síðan byggð af ýmsum ábúendum og fer litlum sögum af mannlífi þarna eftir að síðasti sjúklingurinn á spítalanum dó. Búskapur lagðist síðan af og jörðin fór í eyði árið 1986. Jörðin hefur alltaf verið ríkisjörð. Síðustu ábúendur hétu Guðmundur Guðmundsson frá Nýju búð og María Elíasdóttir. Afkomendur þeirra eru flestir lifandi í dag og hafa einskonar erfðarrétt á landinu. Þau hafa reist sér veglegt sumarhús á jörðinni og endurnýjað gamla húsið.

## 9. Álfar og hindurvítni á Eyri

Eyri varð ekki útundan hvað varðar álfatrú og trú á hindurvítni frekar en aðrir staðir á landinu. Í landi Hallbjarnareyrar og nágrennis voru nokkrir staðir þar sem ýmsar verur höfðu tekið sér bólfestu. Þekktastur þessara staða var svokallaður Gullhóll sem var afgangur hóll í túnjaðri Hallbjarnarstaða. Hann var sagður fullur af gulli. Munnmælasögur segja að þar liggi grafir 12 stríðsmenn eða að þar sé skip grafið og sitji tveir menn í hvorum stafni og gullið sé í kjölnum miðskips. Báðar þessar lýsingar eiga við um lögum hólsins.

Tveir ungir menn ætluðu sér að grafa eftir gullinu kvöld eitt en eftir skamma stund og lítinn gröft sáu þeir að kirkjan stóð í ljósum logum. Þeir hættu greftrinum og hlupu til að slökkva eldinn. Enginn var eldurinn þegar þeir komu að kirkjunni. Þeir snéru sér aftur að greftrinum og eftir nokkurn gröft sáu þeir hvar stór herskip komu siglandi inn Breiðafjörðinn. Enn á ný hættu þeir greftrinum og hlupu til bæja til að gera fólkinu viðvart. En þegar þeir komu að bæjunum voru herskipin horfin eins og kirkjueldurinn fyrr um nóttina. Ennþá halda þeir til hólsins og halda áfram að grafa. Þeir grafa niður á steinhellu og þegar þeir eru að bisa við að ná henni upp, þá sjá þeir koma aðvífandi niður skriðurnar her manna með alvæpni og mikinn hávaða. Þeir hætta greftrinum og gáfu upp gróðavonina. Þá hvarf herinn aftur inn í fjallið og mennirnir ungu hurfu frá hólnum og reyndu ekki við hann aftur.

Um miðja síðustu öld var þessi hóll sléttur án þess að nokkuð bæri til tíðinda enda eru svona sögur frekar til skemmtunar án þess að nokkuð búi þar á bakvið. Sækýr gengu þó ekki á land né fjörulallar þótt fjaran hafi verið gjöful og full af lífi en fossbúi einn bjó við fossinn Brekknenda. Hann var viðskotailur og átti til að sækja að fólki ef það var eitt á ferð. Fossinn stóð við vegslóða þar sem fólk gekk öðru hvoru framhjá. Fólkinu úr sveitinni var meinilla við þennan stað enda var mjög reimt við hann. Nú er búið að ryðja fossinum burtu og vegurinn liggur þar yfir. Enginn veit hvað varð um fossbúann né hvort reimt sé þarna ennþá. Annar fossbúi bjó í sveitinni og hélt hann sig í fossi í Kálfadalslæk sem er mun ofar í Eyrarfjalli. Sá var meinlaus og einkum börn sem urðu hans vör.

Dys er þarna yfir smala frá Hallbjarnareyri sem lenti í útistöðum við smala frá Þórdísarstöðum vegna landamerkja. Þeir urðu hvor hinum að bana og eru báðir dysjaðir við landamerki Þórdísarstaða og Hallbjarnareyrar. Dys Eyrasmalans er enn greinileg fyrir ofan Kálfsdal.

Er dysin úr grjóti, um 4X4 m í þvermál og um 1,3 m há þar sem hún er hæst. Nokkuð er um gras og mosa utan um hana til norðurs. Mun þetta vera dys Eyrasmalans. Við dysina er gömul leið, Skarðgatan, en gamlar kvaðir fylgja henni, sem eru að kasta steini að dysinu um leið og farið er yfir skarðið og hún því nokkuð stór<sup>23</sup>.

Dys Þórdísarstaðasmalans er ekki eins greinileg og liggur hún í landi Hjarðarbóls. Tjörn full af óskasteinum sem fljóta upp á Jónsmessu er staðsett uppi á Klakk og Draugagil sem fólk verður að ganga gegnum ætli það sér upp að tjörninni. Engum sögum fer af draugum í Draugagili en óskasteinarnir létu á sér standa þegar undirrituð gekk upp að henni eina Jónsmessunótt fyrir nokkrum árum ásamt hópi af fólki.

Neðan við Hallbjarnareyri, nú Neðri Eyri, eru nokkrir álagablettir og byggð af huldufólki. Þetta eru litlir stapar sem betra er að láta í friði, hvorki slá né nýta. Betra er að ganga frekar hljóðlega um nálægt þeim, því af ljósagangi og öðrum furðulegum fyrirbærum sem eiga sér stað umhverfis stapana þá er öruggt að þarna búa álfar. Til marks um það má einnig nefna að á stöpunum og milli þeirra er grasið grænna en annars staðar í nágrenninu.

Að Grásteini sem er áberandi steinn ofan við Hallbjarnareyri býr álfur sem er gamall og umburðarlyndur því hann lætur sér fátt um finnast hvort börnin séu þar á leik,

---

<sup>23</sup> *Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar* 2005: aðalnr. 117.

hundar gelti eða annað áreiti verði. Grásteinn, Draugalaut, Kastalinn og Nafnlausisteinn eru ákjósanlegir staðir fyrir álfa og huldufólk. Það úir og grúir af þeim. Fjöldinn af álfum og huldufólki ætti að duga til að setja af stað stjórn málaframboð. Strákarnir tveir sem klettadrangarnir ofan Eyri nefnast hafa sína þjóðsögu því þótt þeir séu meinlausir að sjá þá munu þeir steypast niður og leggja allt í rúst fyrir neðan sig þegar sjö bræður muni búa samtímis á Skallabúðum.

## 10. Öndverðareyri á okkar dögum

Í dag er fátt sem minnir á að nokkuð hafi átt sér stað þarna fyrir á tíð. Eyrin hefur verið nýtt sem beitiland fyrir hesta og kýr af næstu bæjum. Efnistaka hefur verið stunduð í fjörunni enda er þar stórgott perlugrjót sem hefur verið notað við byggingar. Ágangur sjávar hefur verið nokkur en það er ekki að sjá að landið hafi verið nýtt til nokkurs annars. Tóftir og rústir frá fornum tíma eru nær horfnar vegna landbrots og ágangs búfenaðar. Það er bara á færi fagmanna að sjá út og sjá hvar leifar mannvirkja hafa verið. Greinilega má sjá kletta sem ganga út í sjó og þar hafa verið kjöraðstæður fyrir bátalægi. Klettarnir hafa gefið gott skjól fyrir norðan- og norðaustanáttinni. Þarna ganga út klettarið á a.m.k. þremur stöðum sem eflaust hafa verið notuð til að leggja langskipunum að. Núna er það bara skarfurinn sem ræður þar ríkjum og selurinn hvílir sig þarna við og við. Eyraroddinn sjálfur er næðingasamur og frekar kuldalegur staður. Þó er gott útsýni þaðan.

Býlin færðust til í tímans rás og að öllum líkindum hafa menn verið að elta við skjólbetri bletti til að reisa húsin sín á. Enn er verið að byggja og nýjasta húsið er sumarhús sem er reist af afkomendum ábúenda Hallbjarnareyrar. Gamla húsið að Hallbjarnareyri stendur þar enn. Það hefur verið endurnýjað og nú lítur það út sem nýtt. Það var reist árið 1927 og er nú í sinni upprunalegu mynd. Það er notað sem sumarhús. Bærinn Brekka sem var hjáleiga frá Hallbjarnareyri er horfin og í staðinn hefur fyrir nokkru síðan verið reist myndarlegt sumarhús með fornu lagi af afkomendum ábúenda þar. Holdsveikraspítalinn, kirkjan og önnur hús sem reist hafa verið þarna eru löngu horfin og það er varla að sjá neinar leifar af þeim. Það er einungis kunnugt fólk sem ólst þarna upp sem veit hvar húsin voru. Þetta fólk er orðið aldrað núna og með því hverfur mikilvægur fróðleikur. Í raun er jarðnæði þarna lítið miðað við fjölda bújarða því hafa ábúendur allra þessara jarða þurft að nýta landið til hins ýtrasta og ekki hirt um gamlar minjar, tóftir né sögufræga bletti. Einungis nokkrir álagablettir eru enn greinilegir og nokkrar álfabyggðir sem enginn hefur vogað sér að snerta við.

## 11. Lokaorð

Á þessum blöðum hefur verið fjallað um sögu Öndverðareyrar ásamt því fólki sem byggði staðinn, byggingar sem hafa risið, staðið og síðan brotnað niður á eyrinni, helstu atburði sem áttu sér stað þarna frá landnámi og sögu Hallbjarnareyrar sem geymdi merkilegan holdsveikraspítala í nær 200 ár.

Saga Öndverðareyrar ásamt sögu Hallbjarnareyrar er yfirgripsmikið efni sem nær til margra þátta þjóðfélagsins. Samt hefur staðurinn fallið í dá og gleymst. Gönguleið um svæðið hefur að vísu nýlega verið merkt inn á sérstök göngukort en þarna eru engin upplýsingaskilti, leiðarvísar né bílastæði og þeir sem hyggja á að skoða svæðið vita ekki hvort þeir mega vera þarna eða ekki. Það er ekkert sem sýnir hvort þetta sé einkaland eða sögufrægur staður. Fáir Eyrbyggjar vita nokkuð um Öndverðareyri og Eyri og alla þá sögu sem liggur þarna og fjarar út. Eftir að hafa gengið þarna um og skoðað þetta svæði er mín upplifun að þarna er kjörið útivistarsvæði fyrir fólk sem getur unað sér í blíðskaparveðri í nálægð við náttúruna og söguna.

Sorglegt er að sjá staðinn ómerktan og notaðan sem beitarland. Ég veit að hann er á fornminjaskrá og örlitlar rannsóknir hafa verið gerðar þarna. Á fornminjaskrá eru rústir í nágrenni Hallbjarnareyrar og tóftir niðri á eyrinni skráðar með minjagildi *hátt* og *talsvert*. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að bæta aðgengi og merkja svæðið betur upp. Þarna mætti rannsaka fornminjar og jafnvel setja upp umhverfið eins og það var fyrir þúsund árum. Það myndi laða að ferðafólk og auka áhuga heimafólks á sinni sögu. Ég veit að saga staðarins er ekki til í bundnu máli en nokkrar greinar hafa verið skrifaðar um Eyri og atburði tengda henni. Ég myndi vilja nota þessa ritgerð sem grunn að góðri bók um staðinn sem væri bæði til skemmtunar og fróðleiks.



## Heimildaskrá

- Árni Óli. 1965. Hverjir fundu Ísland og Ameríku? *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. nóvember.
- Ásgeir Guðmundsson. 2008. Eyrarsveit í annálum. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 8:33-54.
- Ásgeir Guðmundsson. 2005. Öndverðareyri. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 6:71-81.
- Einar Laxness. 1995. *Íslandssaga s-ö*. Vaka–Helgafell, Reykjavík.
- Erla Dóris Halldórsdóttir. 2001. *Holdsvæiki á Íslandi*. Mál og mynd, Reykjavík.
- Erla Dóris Halldórsdóttir. 2002. Hospítalseyri. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 3:186-196.
- Ásgeir Guðmundsson. 2003. Nokkrar þjóðsögur úr Eyrarsveit. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 4:200-208.
- Eyrbyggja saga*. 1971. Þorsteinn frá Hamri sá um útgáfuna. Helgafell, Reykjavík.
- Gylfi Pálsson. 2009. Minnisatriði úr Eyrbyggju. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 9:178-206.
- Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar* 2005. I hluti. Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson sá um útgáfuna. Fornleifarfræðistofan, [Grundarfjörður].
- Jón Pétursson. 1998. Úr Eyrarplássi I. Enginn skyldi grafa í Gullhól. *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. mars.
- Jón Pétursson. 1998. Úr Eyrarplássi II. Sumarhús á höfuðbólinu Hallbjarnareyri. *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. mars.
- Landakort.is, <http://www.landakort.is/>.
- Laufey Bryndís Hannesdóttir. Áhugaverð jarðfræði í Eyrarsveit. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 2:118-124
- Ólafur Lárusson. 1945. *Landnám á Snæfellsnesi*. Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík, Reykjavík.
- Snæfellsnes III. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*. 1970. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. Snæfellingaútgáfan, Reykjavík.
- Steinunn Kristjánsdóttir. 2000. Öndverðareyri. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* 1: 23-32.

